



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 5. fundar
(2. fundur á skólaárinu 2010-2011)
Þriðjudaginn 18. janúar 2011 kl. 15:00.

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, kennari
Viktoría Gilsdóttir, kennari
Anna Laufey Þórhallsdóttir, ritari
Ragnheiður Hanson, grenndarsamfélagi / foreldrahópi
Níels Adolf Guðmundsson, foreldri
Unnur Agnes Níelsdóttir, nemandi
Sturla Einarsson, nemandi

Kristín Ingvadóttir, foreldri, boðaði forföll.

Fundarritari var Anna Laufey Þórhallsdóttir

1. Farið var yfir fundargerð 4. fundar

2. Skólareglur Tjarnarskóla; endurskoðun.

Margrét rifjaði upp að reglugerð um skólareglur eru enn í vinnslu í mennta- og menningarráðuneytinu. Endurskoðun skólareglna nú er því í samræmi við núgildandi lög og reglugerðir.

Á síðasta fundi fór fram umræða um breytingar á skólareglum og stungið upp á tveimur orðalagsbreytingum. Þá var einnig ákveðið að kennarar kæmu með tillögur að orðalagi breytinganna fyrir næsta fund. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að breyta tveimur liðum núgildandi skólareglna þannig:

„Við erum öll með gott nesti“ verður: *Við erum öll með hollt og gott nesti.*

„Við reykjum ekki“ verður: *Við neytum engra vímu- eða ávanabindandi efna.*

Í framhaldi af þessum samþykktum var rætt um viðbrögð í skólanum ef skólareglur eru brotnar og vísað í *starfsáætlun* skólans þar sem greint er frá því ferli sem mál fara í ef skólareglur eru ekki í heiðri hafðar. Greint er frá þessum viðbrögðum á heimasíðu skólans www.tjarnarskoli.is .

Margrét benti sérstaklega á mikilvægi þess að nemendur eigi alltaf rétt á að fá tækifæri til að segja sína hlið á málinu – ef eitthvað hefur bjátað á.

3. Fyrirhugað að hafa opinn fund skólaráðs.

Ýmsar tillögur komu fram s.s. að fá fyrirlesara, að nemendur og foreldrar hittist til þess að spila eða jafnvel fara í leikhús eða hafa „hugarflugsfund“. Fulltrúi nemenda, Unnur Agnes, stakk upp á að foreldrar og nemendur færu í heimsókn í annað stóru leikhúsanna í borginni. Ákveðið var að nemendurnir í ráðinu, þau Unnur Agnes og Sturla myndu á næstunni kanna möguleika á heimsókn í Þjóðleikhúsið og á leiksýningu í framhaldi af því.

Tekinn var frá þriðjudagurinn 15. febrúar.

4. Önnur mál.

Ragnheiður spurði um Mæðragarðinn. Hún er í foreldraráði í Kvennaskólanum og þar kom fram og þau hyggjast fá aðgang að honum, en Mæðragarðurinn er grenndarskógur Tjarnarskóla. Það ætti þó ekkert að vera því til fyrirstöðu að Kvennaskólinn nýtti sér þetta frábæra útivistarsvæði með okkur.

Sagt var frá „ungbarnaverkefninu“ í 10.b. en það verður í byrjun febrúar. Foreldrunum í ráðinu leist mjög vel á það. Nemendur í bekknum verða „foreldrar“ og annast forritaðar dúkkur í tvo og hálfan sólarhring.

Margrét minnti á handbók frá Heimili og skóla fyrir foreldraráðsfulltrúa og fulltrúa í skólaráði sem hefur borist. Afrit hefur verið sent til fulltrúa í foreldraráði og skólaráði.

Níels spurði hvort framlög frá borginni hefðu lækkað. Margrét svaraði því að samdráttur í grunnskólakerfinu hefði einnig hlutfallsleg áhrif á sjálfstætt rekna skóla þar sem þeir fá 75% af því sem aðrir skólar fá. Hún sagði að fjármálum skólans hefði verið hagað þannig að hægt væri að bregðast við tímabundnum samdrætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið eftir klukkustund.

ALP

Fylgiskjöl á fundinum:

Dagskrá 5. fundar.

Fundargerð 4. fundar.

Skólareglur Tjarnarskóla og upplýsingar úr „Starfsáætlun“ um viðbrögð ef skólareglur eru brotnar.

Tillögur að breytingu á skólareglum.